

**Innviðaráðuneytið**  
**Sölvhólsgrata 7**  
**101 Reykjavík**

Skorradal, 29. júlí 2024.

*Efni: Hæfi hreppsnefndarmanns í Skorradalshreppi. Ósk um úrskurð um hæfi og jafnframt ógildingu á samþykkt meirihluta hreppsnefndar Skorradalshrepps á vanhæfi hreppsnefndarmannsins Péturs Davíðssonar.*

Á 197. fundi hreppsnefndar Skorradalshrepps, sem haldinn var 4. júlí sl. á Hvanneyri, var tekið til afgreiðslu mál, undir 13. lið fundargerðarinnar, „Kvörtun vegna stjórnarsýslu sveitarfélagsins“ – málsnúmer 2406009“, sjá hlekk á fundargerðir, hér aftar í kærinni.

Rétt áður en dagskráliður nr. 13 var tekin fyrir á hreppsnefndarfundinum tilkynnti oddviti undirrituðum að hann teldi að ég og Óli Rúnar Ástþórsson værum vanhæfir að sitja undir þeim dagskrálið. Óli forfallaðist rétt fyrir fundinn og var því ekki á hreppsnefndarfundinum en ég lýsti strax yfir að ég teldi mig hæfan og eins Óli, ef hann hefði geta mætt. Oddviti bar fram sem rök fyrir vanhæfi undirritaðs og Óla, símtal sem hann hefði átt við lögfræðing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Oddviti lagði ekki fram skriflegt rökstutt álit lögfræðingsins og því tel ég að tilvísun í tveggja manna tal sé algerlega marklaust í þessu sambandi sem rökstuðningur. Ekki liggur fyrir hvernig oddviti kynnti málið fyrir umræddum lögfræðingi og ekki liggur formlega fyrir hver afstaða lögfræðingsins var. Þar að auki er Samband íslenskra sveitarfélaga ráðgefandi aðili en ekki úrskurðaraðili í málum sem þessum.

Undirritaður lýsti sig aftur hæfan og það yrði að kjósa um hæfið og óskaði eftir rökum oddvita.

Dagskráliður nr. 13 var settur síðan á dagskrá og ætlaði oddviti þá að strax að hefja kosningu um hæfi undirritaðs. Ég krafist þá þess að fá að leggja fram bókun áður en atkvæðagreiðslan færi fram. Undirritaður lagði síðan fram bókun. Oddviti lét síðan fara fram kosningu um hæfi undirritaðs án þess að setja fram neinn rökstuðning á því, hvernig hæfi mitt bryti sveitarstjórnarlög og/eða stjórnarsýslulög.

Undirritaður hafnar því að erindi innviðaráðuneytisins frá 25. júní s.l. (IRN24040132), þar sem er óskað eftir gögnum og umsögn frá sveitarfélaginu geti orsakað vanhæfi mitt samkvæmt 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1997. Málið varðar hvorki fjárhagslega hagsmuni né hæfisreglur stjórnarsýslunnar þar sem afgreiðsla á erindinu, fellur ekki undir stjórnvaldsákvörðun.

Eftirfarandi var bókað undir 13. dagskrálið þann 4. júlí s.l.

**13. Kvörtun vegna stjórnarsýslu sveitarfélagsins - Mál nr. 2406009**

Tekin fyrir kvörtun til Innviðaráðuneytisins vegna stjórnarsýslu sveitarfélagsins frá PD og ÓRÁ hreppsnefndarmönnum um hæfi/vanhæfi hreppsnefndarmanna í Skorradalshreppi.

*PD vill bóka eftirfarandi:*

*"PD telur sig hæfan til að taka þátt í umræðu um erindið frá Innviðaráðuneytinu, þar sem enga stjórnarsýsluákvörðun liggur fyrir að taka, við umræðu um erindi ráðuneytisins"*

*Hreppsnefnd kaus um vanhæfi PD vegna umfjöllunar þessa máls og er hann vænhæfur með 3 greiddum atkvæðum.*

*PD. vîkur af fundi.*

*GE og KJ vilja bóka eftirfarandi. 3 hreppsnefndarfulltrúar á móti 2 töldu í upphafi máls að PD væri vanhæfur að sitja undir eða fjalla um þetta mál, þar sem kvörtun til Innviðaráðuneytisins kemur frá PD og ÓRÁ. Því telja GE og KJ það ekki góða stjórnarsýslu að heimila PD að leggja fram bókun fyrir atkvæðagreiðslu um vanhæfi samkv. 3.gr. lið 1 stjórnarsýslulaga.*

*Hreppsnefnd samþykkir að fela oddvita að svara fyrirspurn Innviðaráðuneytisins.*

*Samþykkt.*

**Undirritaður kærir því til innviðaráðuneytisins sbr. 1. m.gr. 111 gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011 og sbr. 26. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 kosningu um hæfi Péturs Davíðssonar undir dagskrálið nr. 13 á fundi hreppsnefndar Skorradalshrepps frá 4. júlí s.l.**

**Kosning innan dagskrárliðarins um hæfið er orðið stjórnarsýslumál, sbr. 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga, en þar stendur: „Lögin gilda þegar stjórnvöld, þar á meðal stjórnarsýslunefndir, taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna.“**

**Óskað er eftir því að ráðuneytið úrskurði um hæfi undirritaðs, en ég tel þarna hafi verið brotið á rétt mínum og skyldum sem sveitarstjórnarmanns. Komist ráðuneytið að því að undirritaður hafi verið hæfur, þá er þess krafist að kosning hreppsnefndar Skorradalshrepps á hæfi undirritaðs verði felld úr gildi. Komist ráðuneytið aftur á móti að því undirritaður hafi verið vanhæfur, þá er óskað eftir því að ráðuneytið úrskurði um hæfi allra sveitarstjórnarmanna og varamanna í sveitarstjórn til að taka þátt í umræðum og afgreiðslu á dagskrálið nr. 13, er varðar erindi frá innviðaráðuneytinu (málsnúmer IRN24040132).**

**Sjá texta í fundargerð þar sem kosning fór fram og óskað að sú kosning verði felld úr gildi af innviðaráðuneytinu með þessari kæru.**

*Hreppsnefnd kaus um vanhæfi PD vegna umfjöllunar þessa máls og er hann vænhæfur með 3 greiddum atkvæðum.*

*PD. vîkur af fundi.*

**Eins óskar undirritaður eftir úrskurði innviðaráðuneytisins sbr. 1 m.gr. 111 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um hvort mér hafi verið heimilt samkvæmt sveitarstjórnarlögum og eftir reglugerð ráðuneytisins um fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga að leggja fram bókun mína fyrir atkvæðagreiðslu um hæfi.**

*GE og KJ vilja bóka eftirfarandi. 3 hreppsnefndarfulltrúar á móti 2 töldu í upphafi máls að PD væri vanhæfur að sitja undir eða fjalla um þetta mál, þar sem kvörtun til Innviðaráðuneytisins kemur frá PD og ÓRÁ. Því telja GE og KJ það ekki góða stjórnsýslu að heimila PD að leggja fram bókun fyrir atkvæðagreiðslu um vanhæfi samkv. 3.gr. lið 1 stjórnsýslulaga.*

**Ef innviðaráðuneytið staðfestir að mér hafi verið heimilt að leggja fram bókun í upphafi dagskráliðar 13, þá vinsamlegast tilkynnið það formlega til hreppsnefndar Skorradalshrepps.**

**Jafnframt óska ég eftir því að ráðuneytið leiðbeinni hreppsnefnd Skorradalshrepps um að það þurfi með vísun í lagagrein um að leggja fram bókun með formlegum rökstuðningi um hæfi sveitarstjórnarmanns, áður en hæfiskosning fer fram**

Óskað er flýtimeðferðar á þessari kæru.

Jafnframt bendi undirritaður á 3 lið, 2 m.gr. 112 gr. sveitarstjórnarlaga um hvort hún eigi ekki við sem frumkvæðismál, varðandi hvernig umfjöllun og afgreiðsla sveitarstjórnar Skorradalshrepps fór fram um áðurnefndan dagskrálið nr. 13. Þessi ábending á ekki að tefja að innviðaráðuneytið taki strax til skoðunar og afgreiðslu kæru þessa.

Hlekkur á fundargerðir Skorradalshrepps <https://skorradalur.is/stjornsysla/fundargerð/>

Undirritaður áskil sér rétt til að koma að frekari sjónarmiðum og gögnum gefist tilefni til þess.



Pétur Davíðsson  
hreppsnefndarmaður

Meðfylgjandi:

1. Fundargerð hreppsnefndar Skorradalshrepps frá 4. júlí s.l.
2. Erindi innviðaráðuneytisins frá 25. júní s.l.
3. Tölvupóstsamskipti.